

Sigurbjartur Halldórsson,
sviðsstjóri framkvæmda - og umhverfissviðs
Hvammstangabraut 5
530 Hvammstangi



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. júní 2013
Tilvísun: UST20130400097/ksj

Lýsing. Tillaga að Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014 - 2026

Vísað er til erindis sviðsstjóra framkvæmda og umhverfissviðs Húnaþings vestra er barst 23. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu að Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014 – 2026.


Verndarsvæði


Í umfjöllun um verndarsvæði er yfirlit yfir svæði sem eru á náttúruminjaskrá og eru innan sveitarfélagsins. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 38.gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar þar sem hættu er á að öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá verði spillt sbr. 67. og 68. gr. ofangreindra laga.

Gögn og viðmið

Í umfjöllun um gerð væntanlegrar umhverfisskýrslu fyrir tillögu að Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014 – 2026 er listi yfir gögn þau og viðmið sem áætlað er að hafa til hliðsjónar við gerðina. Umhverfisstofnun bendir á að bæta þurfti á listann eftirfarandi lögum og reglugerðum: Reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Einnig bendir Umhverfisstofnun á lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 sem nauðsynleg viðmið.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun